

20. grein - Stjórnarkjör

Skylt er að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu við kjör stjórnar, annarra en formanna deilda sem sæti eiga í stjórn, og skal tilhögun hennar fara eftir reglugerð ASÍ.

Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára sem hér segir: Annað árið formann, ritara og einn meðstjórnanda. Hitt árið varaformann, vararitara og einn meðstjórnanda.

Í janúar ár hvert skal á fundi stjórnar kjósa uppstillingarnefnd fyrir félagið.

Á haustdögum ár hvert skal á trúnaðarráðsfundi kjósa uppstillingarnefnd fyrir félagið. Þrír skulu eiga sæti í uppstillingarnefnd.

Uppstillingarnefnd skal auglýsa eftir áhugasömum félagsmönnum til að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið. Nefndin skal að því loknu láta fara fram könnun meðal allra trúnaðarráðsmanna, aðal og varamanna og trúnaðarmanna á vinnustöðum um hverjir eigi að gegna stjórnarstörfum fyrir félagið næsta kjörtímabil. Könnun skal fara fram skriflega með óbundinni kosningu.

Uppstillingarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir trúnaðarráð fyrir 20. febrúar, til kynningar og afgangsgreiðslu.

Trúnaðarráði er skylt að standa á bak við þann lista sem lagður er fram í nafni þess. Verði ágreiningur um uppstillingu, sem ekki næst að leysa í trúnaðarráðinu, skulu þeir sem ósáttir eru tilkynna það til uppstillingarnefndar, innan sólahrings frá því að listi trúnaðarráðs er lagður fram, hyggist þeir bjóða fram annan lista. Þeir þurfa þá jafnframt að segja af sér þeim trúnaðarstörfum sem þeir þegar gegna og uppstillingarnefnd hefur þá 7 daga til að fylla inn í uppstillinguna í samræmi við breytta stöðu.

Aðrir listar þurfa þá að hafa jafn marga frambjóðendur og breyttur listi trúnaðarráðs.

Trúnaðarráð leggur síðan fram lista við stjórnarkjör í félaginu eigi síðar en 1. mars. Þar skal gerð tillaga um alla þá sem kjósa skal.

Að lokinni tillögugerð trúnaðarráðs auglýsir kjörstjórn félagsins hverjir skipi listann, sem ætíð skal vera A-listi, og gefur félagsmönnum a.m.k. 14 sólarhringa frest til að bera fram aðra lista. Er hvert það framboð gilt sem fram kemur innan þess tíma, er fullmannað og hefur skriflegt samþykki þeirra sem eru í framboði og meðmæli a.m.k. 30 fullgildra félaga.

Komi fram fleiri en einn listi skal kjörstjórn láta kjósa um þá í allsherjaratkvæðagreiðslu í fyrsta lagi 1. apríl og í síðasta lagi 10. apríl.

Komi hins vegar ekki fram fleiri listar teljast þeir félagsmenn sem trúnaðarráð hefur gert tillögu um sjálfkjörnir.

Kosningu skal lýst á aðalfundi og tekur þá nýkjörin stjórn við félaginu.